



TRYGGINGARSKILMÁLAR

Options Investment Plan



FRIENDS PROVIDENT
INTERNATIONAL

OPTIONS INVESTMENT PLAN

TRYGGINGARSKILMÁLAR

EFNISYFIRLIT.

- 1 hluti Skilmálar.
2 hluti Sjóðsreglur.
3 hluti Skilgreiningar.

1 HLUTI: SKILMÁLAR

1 IÐGJALDAFRAMLÖG

- 1.1** Greiða má regluleg iðgjaldaframlög annað hvort einu sinni í mánuði eða árlega.
- 1.2** Tíðni og fjár hæð reglulegra iðgjaldaframlaga er skilgreind í skírteininu.
- 1.3** Regluleg iðgjaldaframlög skulu greidd með kredittkorti inn á skírteinið í Sterlingspundum (GBP).
- 1.4** Þegar okkur berast regluleg iðgjaldaframlög yðar munum við nota fjárfestingarhluta framlagannað til að kaupa einingar í FPI sjóðunum á því tilboðsverði, sem gildir næst á eftir greiðslu sérhvers reglulegs iðgjaldaframlags yðar.
- 1.5** Þér getið kosið að hækka fjárhæð reglulegra iðgjaldaframlaga yðar svo fremi sú hækkun sé ekki gerð innan 5 ára frá gjalddaga skírteinisins og að sú hækkun fjárhæðar sé ekki lægri en lágmarksframlag.
- 1.6** Þér getið kosið að lækka fjárhæð reglulegs iðgjaldsframlags yðar svo fremi sú lækkun leiði ekki til þess að reglulegt iðgjaldsframlag yðar verði lægra en rir lágmarksframlagið.
- 1.7** Fari svo að við höfum ekki móttakið reglulegt iðgjaldsframlag yðar innan 120 daga frá því það féll í gjalddaga og skírteini yðar hefur ekki náð lágmarksverðgildi skírteinis, fellur skírteini yðar þegar úr gildi verðlaust.
- 1.8** Fari svo að við höfum ekki móttakið reglulegt iðgjaldsframlög innan 120 daga frá því það féll í gjalddaga en skírteini yðar hefur öðlast lágmarksverðgildi telst skírteini yðar uppgreitt og í gildi

2 VAL Á SJÓÐUMA

- 2.1** Við munum nota fjárfestingarhluta framlagsins til að kaupa einingar í FPI sjóðnum (sjóðunum) sem þér veljið. Þér getið valið allt að tíu sjóði í hvert skipti.

- 2.2** Þér getið beðið okkur skriflega um að breyta vali yðar á FPI sjóðnum.

Næsta viðskiptadag eftir að við höfum fengið skýr fyrirsmæli frá yður munum við í samræmi við fyrirsmælin fella niður viðkomandi einingar, sem úthlutaðar hafa verið skírteini yðar. Einingarnar munum við endurnýja með jafnverðmætum einingum í öðrum FPI sjóðum, sem þér hafið valið.

- 2.3** Þér getið beðið okkur skriflega að breyta ráðstöfun fjárfestingarhluta framlaga milli hinna ýmsu FPI sjóða, til framtíðar. Slík beiðni öðlast gildi frá og með þeim degi sem framlag er greitt, í beinu framhaldi af móttöku skýrra fyrirsmæla frá yður.

3 ÞÓKNANIR

- 3.1** Við munum draga skírteinisgjald frá, áður en einingar í FPI sjóðnum (sjóðunum) eru keyptar. Skírteinisgjaldið verður tekið við móttöku iðgjaldsframlags yðar.
- 3.2** Þóknun hvers FPI sjóðs liggur á bilinu 0.75% – 1.65% á ári, og reiknast af samanlögðu verðmæti eininga í FPI sjóðnum (sjóðunum). Við getum breytt fjárhæð þóknunarinnar svo fremi það sé sanngjarnt og þá tilkynna yður það skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 3.3** Upplýsingar um frekari frádáttarliði sem áhrif hafa á verðmæti skírteinis yðar er að finna í 2. hluta, kafla 13.

4 DÁNARBÆTUR

- 4.1** Við munum greiða viðtakanda greiðslunnar dánarbæturnar þegar við höfum fengið sönnun um andlát hins líffryggða og um að viðtakandi greiðslu eigi löglegan rétt á þeim bótum, sem greiða ber samkvæmt skírteininu.
- 4.2** Dánarbæturnar skulu vera 101% af boðsverðmæti þeirra eininga, sem úthlutað er á skírteinið næsta viðskiptadaginn eftir að við höfum fengið sannanir í samræmi við kafla 9.1 í 1. hluta hér að framan og höfum lokið úrvinnslu kröfunnar. Við munum draga frá hverskyns ógreiddar kröfur, áður en við greiðum dánarbæturnar.
- 4.3** Þegar dánarbæturnar hafa verið greiddar munum við ekki móttaka frekari iðgjaldaframlög né greiða neinar frekari bætur. Skírteinið mun líða undir lok.
- 4.4** Þegar viðtakandi greiðslunnar er ólöggráða getum við annað hvort varðveitt dánarbæturnar fyrir viðtakandann þar til hann/hún nær lögræðisaldri eða greitt dánarbæturnar til foreldrisins eða lögráðamanns viðtakanda greiðslunnar eða viðtakandandanums sjálfums ef hann/hún er eldri en 18 ára. Við greiðslu dánarbótanna falla niður samningsbundnar skuldbindingar okkar samkvæmt skírteininu.

5 AFSAL

- 5.1** Þér getið afsalað skírteininu hvenær sem er fram að gjalddagans með skriflegri beiðni til okkar um slíkt afsal. Við munum geiða hverskyns/væntanlegt afsalsverðgildi skírteinisins til yðar þegar við höfum fengið sönnur fyrir því að þér séuð sá aðili, sem á lagalegan rétt á þeim bótunum, sem greiða ber samkvæmt skírteininu.
- 5.2** Þegar afsalsverðgildið hefur verið greitt munum við ekki veita móttöku neinum frekari iðgjaldaframlögum né heldur munum við greiða neinar frekari bætur. Skírteinið mun líða undir lok.

6 TRYGGÐARBÓNUS

- 6.1** Á þeim degi sem tíu ár eru liðin frá því tryggingin tók gildi munið þér eiga ér rétt á tryggðarbónus sem nemur 0.25% á ári af boðsverðmætið eininga, sem skírteini yðar hefur verið úthlutað.
- 6.2** Tryggðarbónusinn verður hagnýttur mánaðarlega með úthlutun viðbótareininga.

7 GJALDDAGI

- 7.1** Þegar að gjalddaganum kemur getið þér valið um annað hvort;
- 7.1.1** Að framlengja gjalddagann að lágmarki í 5 ár og eftir atvikum halda áfram reglulegum iðgjaldaframlögum,
- 7.1.2** Að framlengja gjalddagann og gera skírteinið upp ef við á,
- 7.1.3** Að afsala skírteininu og móttaka boðsverðgildi eininganna á gjalddaganum.
- 7.2** Þegar að gjalddaga kemur munum við innleysa allar einingar í sjóðunum og geyma alsalsverðmætið á meðan greiðslufyrirmæla yðar er beðið.

8 ÞRIÐJI AÐILI TILNEFNDUR SEM RÉTTHAFI

- 8.1** Líffryggingartaka er heimilt að tilgreina aðra aðila, einn eða fleiri, sem réttihafa hvenær sem er fyrir lát hins líffryggða.
- 8.2** Félagið mun aðeins samþykkja slíka tilnefningu sé hún skrifleg og frumrit hennar berist til skráðrar skrifstofu félagsins.
- 8.3** Hafi líffryggingartaki tilnefnt þriðja aðila sem réttihafa getur líffryggingartaki gert síðari tilnefningar að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind eru í grein 8.2/10.2 hér að framan. Þetta gildir ekki í þeim tilvikum sem tilnefning hefur verið lýst óafturkallanleg. Sérhver gild tilnefning sem síðar er gerð felur í sér að allar fyrri tilnefningar falla úr gildi.
- 8.4** Líffryggingartaki má afturkalla tilnefningu sérhverra annarra aðila, eins eða fleiri, sem réttihafa, hvenær sem er fyrir andlát hins líffryggða, nema því hafi verið lýst yfir að tilnefningin væri óafturkallanleg. Félagið mun aðeins taka afturköllun til greina sé hún skrifleg og frumrit hennar berist til skráðrar skrifstofu félagsins.
- 8.5** Þegar líffryggingin er sameiginleg skal tilnefningareyðublað réttihafa eða afturköllunareyðublað undirritað af öllum líffryggingartökum, ella telst tilnefningin eða afturköllunin ekki gild.

- 8.6** Tilnefning þriðja aðila sem réttihafa hefur ekki áhrif á möguleika líffryggingartaka til að framselja, láta af hendi eða ráðstafa líffryggingunni með öðrum hætti, fyrir lát hins líffryggða, nema í þeim tilvikum sem því hefur verið lýst yfir að tilnefningin sé óafturkallanleg.
- 8.7** Án tillits til þess hvort líffryggingartaki hafi rétt til þess að afturkalla tilnefningu réttihafa, skal andlát réttihafa sem á sér stað fyrir andlát hins líffryggða ekki teljast fela í sér afturköllun tilnefningar né hafa áhrif á rétt erfingja réttihafans til dánarbótanna.
- 8.8** Ekki er þörf samþykkis réttihafa né neins þriðja aðila til að breyta eða rifta líffryggingunni eða til að tilnefna nokkurn réttihafa eða afturkalla með nokkrum öðrum hætti tilnefningu réttihafa nema í þeim tilvikum sem því hefur verið lýst yfir að tilnefning sé óafturkallanleg.
- 8.9** Þegar tilgreint er að tilnefning skuli óafturkallanleg hefur líffryggingartaki ekki rétt til að afturkalla, breyta eða hætta við tilnefninguna, láta af hendi, úthluta eða ráðstafa eign tryggingarinnar með öðrum hætti, án fyrirfram skriflegs samþykkis réttihafans.
- 8.10** Þegar bætur skulu greiðast réttihafa samkvæmt tryggingunni telst móttaka réttihafans á þeim tryggingabótum leysa félagið undan öllum frekari skuldbindingum sem tryggingunni tengjast. Í þeim tilvikum sem réttihafi er ekki lögráða fyrir aldurs sakir samkvæmt lögum heimalands síns eða dvalarlands, má félagið greiða bæturnar til foreldra eða lögráðamanns hans án þess að á því hvíli skylda til að spyrjast nánar fyrir um ráðstöfun bótanna og móttaka foreldris eða lögráðamanns á tryggingabótum leysir félagið undan öllum frekari skuldbindingum sem tryggingunni tengjast.

9 VIÐBÓTARÁKVÆÐI

9.1 Sönnun á rétti til greiðslu

Áður en við önnumst greiðslu eða viðurkennum eða bregðumst við verðum við að hafa gengið úr skugga um að aðilinn eða alilarnir, sem gera kröfu eða bera fram beiðni eigi réttmæta kröfu. Við munum þarfnast eðlilegrar sönnunarfræslu og þér kunið að þurfa að leggja fram skírteinisgög. Okkur verður einungis gert að greiða dánarbætur eða greiða fyrir afsal ef þér hafið fært okkur eðlileg sönnunargögn sem sýna fram á andlát hins líffryggða (ef við á) og að þér eigið rétt samkvæmt skírteininu.

9.2 Tilkynningar

Ef þér skiptið um heimilisfang vinsamlega skrifið okkur og látið vita. Ef þér gerið það ekki og við sendum yður bréf á síðasta þekkt heimilisfang yðar, sem við höfum upplýsingar um telst bréfið sent á rétt heimilisfang skv. tryggingunni.

Ef þér þurfið að skrifa okkur skal bréfið að sendast til Friends Provident International, United Kingdom House, Castle Street, Salisbury, SP1 3SH United Kingdom, nema yður verði tilkynnt skriflega um annað.

9.3 Áhrif tafa

Ef einingarnar í FPI sjóði eru ekki tilbúnar til innlausnar munum við þurfa að fresta úttekt viðkomandi eininga úr viðkomandi FPI sjóði og þar af leiðandi greiðslu hverskyns dánarbóta, afsalsgreiðslu eða hlutagreiðslu (eftir því sem við á). Ef okkur hefur ekki tekist að koma einingunum í verð innan sex mánaða getið þér beðið

okkur um, ef sá möguleiki er fyrir hendi, að yfirfæra eignarréttinn á yðar nafn í stað dánarbótanna, afsalsgreiðslunnar eða hlutagreiðslunnar (eftir því sem við á). Ella kunnum við að fresta greiðslu dánarbótanna, afsalsgreiðslu eða hlutagreiðslu þar til við höfum komið einingunum í verð. Við munum greiða vexti fyrir hverskyns tafir 60 daga eða lengri á greiðslu dánarbótanna eða afsalsgreiðslu án tillits til þess hverjar orsakirnar eru.

9.4 Gjaldmiðill

- 9.4.1** Allar bætur samkvæmt skirteininu greiðast á skrásettri skrifstofu okkar. Hverskyns greiðslur, sem greiðast vegna andláts hins líftryggða, greiðast út í sama gjaldmiðli og þér greiddið iðgjaldsframlögin. Allar aðrar greiðslur, sem við greiðum yður samkvæmt skilmálum skirteinisins verða inntar af hendi í sama gjaldmiðli og iðgjaldsframlög yðar.
- 9.4.2** Við munum útvega yður verðmöt í sama gjaldmiðli og iðgjaldsframlög yðar voru greidd.
- 9.4.3** Sé nauðsynlegt vegna skirteinisins að breyta einhverri fjárhæð, sem tilgreind er í tilteknum gjaldmiðli yfir í einhvern annan munum við nota það gengi, sem banki okkar gefur upp þegar skiptin fara fram. Yður er vinsamlega bent á að biðja um upplýsingar varðandi gengið.
- 9.4.4** Verði breyting á gjaldmiðli þannig að annar gjaldmiðill kemur í stað þess, sem þér hafið greitt iðgjaldsframlög yðar í, mun iðgjaldsframlögin breytast í samræmi við það. Skirteinið mun halda gildi og fari svo að nýjai gjaldmiðlinum sé hafnað skal sá fyrri endurupptekinn eða jafngildi hans.
- 9.4.5 Skattlagning og löggjöf**
Ef við teljum að breytingar á löggjöf eða skattlagningu eða ef álagning opinberra gjalda veldur því að við getum ekki haldið áfram að stjórna skirteininu í samræmi við skirteinisgögnin án þess að skaða hagsmuni okkar eða skirteinishafa munum við gera þær breytingar á skirteininu sem nauðsynlegar eru til að koma okkur og skirteinishöfum í þá stöðu, sem verið hefði, hefðu breytingar eða skatturinn ekki komið til. Við munum senda yður tilkynningar um slíkar breytingar.

9.5 Samskipti

- 9.5.1** Þér getið gefið okkur fyrirsmæli í bréfi, símbréfi eða með rafrænum pósti. Við getum beðið yður um að staðfesta hverskyns fyrirsmæli bréflaga, en við getum aðhafst í samræmi við fyrirsmæli sem við höfum réttmætar ástæður til að álita að séu gild. Við áskiljum okkur rétt að aðhafast ekki í samræmi við nein fyrirsmæli fyrr en okkur hefur borist skrifleg staðfesting, hins vegar mun skortur á hverskyns slíkra staðfestingu ekki ógilda nein fyrirsmæli, sem við höfum þegar gefið. Okkur verður ekki gert að fylgja neinum fyrirsmælum sem við höfum ástæðu til að ætla að muni leiða af sér brot einhvers aðila á einhverjum lögum, reglu eða reglugerð.

- 9.5.2** Við berum ekki ábyrgð á neinu tjóni, skemmdum, svikum eða misnotkun, sem leiðir af hverskyns skekkju eða bilun í sendingu, misskilningi, mistaka af okkar hendi eða starfsmanna okkar, þjónustufólks eða umboðsmanna varðandi kennsl aðilans eða aðilanna er veita fyrirsmæli í bréfsíma eða með rafrænum pósti.

- 9.5.3** Þér fallist á að bæta okkur og halda okkur fullkomlega skaðlausum af öllu tjóni, skaðabótum, skuldbindingum, gerningum, málaferlum, kröfum, kostnaði og útgjöldum að meðtöldum lögfræðiútgjöldum sem á rætur sínar að rekja til eða er í sambandi við athafnir okkar eða athafnaleysi hvað varðar fyrirsmæli, sem þér gefið með símbréfi eða með rafrænum pósti.

9.6 Jafnanir

Við munum eftir því sem sanngjarnt þykir jafna hverskyns útreikninga með námundun sem ekki er umfram 0.1%. Námundunarfærslur í sambandi við kaup eða innlausn eininga munu eftir atvikum verða til hagsbóta fyrir framtíðar skirteinishafa í viðkomandi FPI sjóði.

9.7 Aðskilnaðarmöguleikar

Ef eitthvert ákvæði skirteinisins (eða hluti ákvæðisi) er ógilt eða óframfylgjanlegt að því er nokkru nemur eða nær ekki tilgangi sínum í hefur slíkt það ekki áhrif á gildi eða áhrif þess í sambandi við þau ákvæði sem eftir standa. Ákvæði þetta skal teljast aðskilið að því er varðar hverskyns afleiddar lagfæringar, sem nauðsynlegar kunna að vera.

9.8 Heildarsamningur

Samningurinn milli yðar og okkar samanstendur skirteinisákvæðum sem koma fram í skjali þessu, skirteininu sjálfu og hverskyns sérstökum áritunum. Skirteininu verður eingöngu breytt af okkar hendi með skriflegri áritun. Ef þér hafið ekki mótmælt innihaldi slíkrar áritunar innan þriggja mánaða frá þeim degi er við sendum yður upplýsingar um hana verður litið svo á að þér hafið samþykkt hana.

9.9 Réttindaafsalslausn

Fari svo að einhverju sinni sé rétti ekki beitt eða skyldum ekki sinnt í samræmi við skirteinið, skal slíkt ekki teljast fela í sér réttindaafsal okkar til að framkvæma hvenær sem er sérhverja skuldbindingu og skilmála, sem í skirteini þessu felast.

9.10 Verðbólga

Hverskyns fjárhæðir sem fram koma í skirteinisákvæðum þessum, er unnt að hækka á samningstímabilinu í samræmi við þróun vísitölu neysluverðs eða sambærilegar vísitölu í Bretlandi.

- 9.11** Skirteinisskjali þessu er ætlað að ganga í gildi sem samningur samkvæmt 36A(5) kafli félagslaga frá 1985 samkvæmt lögum Englands og Wales.

9.12 Viðeigandi lög

Um skirteinið gilda þau lög sem vísað er til í skirteininu.

2 HLUTI: SJÓÐSREGLUR

10 EÐLI SJÓÐA OG EININGA

- 10.1** Við höfum myndað fjölda sjóða, sem nefnast FPI sjóðirnir. Sérhver FPI sjóður myndar aðskilinn og auðkennanlegan hluta líftryggingarsjóðs okkar. Við erum einir eigendur allra eigna og alls arðs, sem tengist sérhverjum sjóði. Þér eigið engin réttindi eða tilkall til þessara grundvallareigna.
- 10.2** Sérhver FPI sjóður skiptist í einingar. Í hverjum sjóði eru allar einingar að hverri tegund jafnar að verðgildi. Við munum einungis mynda nýjar einingar í hverjum sjóði svo fremi að eignum, jafn verðmætum verðgildi myndaðra eininga hafi verið bætt í sjóðinn.
- 10.3** Við munum eftir atvikum fresta að mynda eða fella niður einingar ef við teljum að slíkt sé líklegt til að hafa slæm áhrif á skirteinið, sjóðinn eða hagsmunum annarra skirteinishafa. Við munum einnig fresta slíkum ráðstöfunum undir þeim kringumstæðum að ekki er mögulegt að selja grundvallareignirnar á því verði, sem okkur er tjáð að sé rétt markaðsverð þeirra.
- 10.4** Einingarnar eru ímyndaðar reikningseiningar, úthlutaðar skirteininu eingöngu í þeim tilgangi að gera okkur kleyft að reikna út þær bætur, semvið þurfum að greiða samkvæmt skirteininu.
- 10.5** FPI sjóðirnir, sem þér hefið valið, eru tilgreindir í skirteini yðar.

11 STJÓRNUN FPI SJÓÐA

- 11.1** Við munum stjórna FPI sjóðunum og ákvarða hvaða eignir tilheyra hverjum FPI sjóð. Við getum falið öðrum stjórn hvaða FPI sjóðs sem er. Okkur er heimilt að taka eignir sérhvers sjóðs sem tryggingu. Við getum endurtryggt FPI sjóðina að hluta eða öllu leyti. Í undantekningartilfellum er heimilt að lána úr FPI sjóði, svo fremi slíkar lántökur fari ekki fram úr 25% af boðsverðgildi þess FPI sjóðs að meðtöldum skammtímalántökum til að mæta úttektum eða til úrlausnar undir öðrum sérstökum kringumstæðum.
- 11.2** Það er hugsanlegt að við munum af og til hafat aðra sjóði til reiðu fyrir skirteini yðar. Á sama hátt, ef við teljum einhverntíma að það þjóni hagsmunum skirteinishafa FPI sjóðs best, getum við lokað FPI sjóði og skipt einingum upp eða sameinað þær.
- 11.3** Ef við tökum þá ákvörðun að loka FPI sjóði munum við tilkynna yður það skriflega að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir þann dag sem lok eiga að fara fram. Við munum fella niður einingar í FPI sjóð, sem lokað er. Þér getið beðið okkur skriflega að ráðstafa einingumyfir í annan FPI sjóði. Ef þér veljið ekki annan FPI sjóð munum við úthluta einingum í þann FPI sjóði, sem er að okkar áliti líkastur þeim FPI sjóði er lokað hefur verið hvað varðar hlutlæga stefnumörkun og áhættuflokkun.

12 VERÐMÖT OG VERÐLAGNING

- 12.1** Sérhver FPI sjóður verður verðmetinn á sérhverjum viðskiptadegi. Venjulega verður það ekki sjaldnar en mánaðarlega, en það fer eftir eðli grundvallareignanna.
- 12.2** Á sérhverjum viðskiptadegi munum við ákvarða eða tilboðsverð eininga og boðverð eininga. Við munum ákvarða verðið á sviðinu milli hámarks tilboðsverðsins (sem lýst er í ákvæði 12.5 í 2. hluta) og lágmarks boðsverðsins (sem lýst er í ákvæði 12.6 í 2. hluta).
- 12.3** Verðgildi sérhvers FPI sjóðs ákvarðast með hliðsjón af markaðsverðmæti grundvallareignanna að baki viðkomandi FPI sjóð. Þau markaðsverðmæti sem notuð eru eru sem hér segir:
- 12.3.1** Þar sem eignin er verðlögð í viðurkenndri kauphöll munum við nota það verð sem síðast er útgefið í þeirri kauphöll á viðskiptadeginum eða deginum áður.
- 12.3.2** Í þeim tilvikum sem eignin er einingasjóður, verðbréfasjóður eða önnur sameinuð fjárfesting munum við nota það verð sem er síðast fánlegt frá stjórnendum áætlunarinnar daginn fyrir viðskiptadaginn. Við áskiljum okkur rétt til að nota hið raunverulega verð, sem fæst við kaup eða sölu eignarinnar.
- 12.3.3** Í þeim tilvikum sem eignin fellur ekki undir ákvæði 12.3 og 12.3.2 í 2. hluta munum við afla ráðgjafar fagmanna til að aðstoða okkur við að verðmeta eignina eftir því sem okkur finnst sanngjarnt og eðlilegt.
- 12.4** Á viðskiptadegi munum við reikna út tilboðsverð FPI sjóðsins með hliðsjón af því verði sem okkur hefur tekist að kaupa eignir á eða verði sem við gætum með sanngirni vænst að fá eignir á fyrir viðkomandi sjóð. Við ákvörðun tilboðsverðsins munum við gera fyrirvara hvað varðar frádrætti, sem vísað er til í 13. kafla 2. hluta hér að neðan, er varðar raunverulega eða væntanlega ábyrgð FPI sjóðsins.
- 12.5** Hámarks tilboðsverðs eininga í FPI sjóði ákvarðast með því að deila tilboðsverði sjóðsins (reiknað með aðferðinni, sem lýst er í ákvæði 12.4 í 2. hluta hér að framan) í þann einingafjöldann, sem myndast hefur og er ekki niðurfelldur. Deilt verður með 0.94 í niðurstöðutöluna töluna og verður sú tala námunduð með þremur aukastöfum.
- 12.6** Á viðskiptadegi munum við reikna út boðsverð FPI sjóðsins á grundvelli þess verðs, sem við höfum getað fengið fyrir eignir eða verð við gætum með sanngirni gert ráð fyrir að fá fyrir eignir viðkomandi sjóðs. Við ákvörðun boðsverðsins munum við gera fyrirvara hvað varðar frádrætti sem um getur í 13. kafla 2. hluta hér að neðan, er varðar raunverulega eða væntanlega ábyrgð FPI sjóðsins.
- 12.7** Lágmarks boðsverð eininga í FPI sjóði ákvarðast með þeim hætti að deila boðsverðgildi sjóðsins (reiknuðu með aðferðinni, sem lýst er í ákvæði 12.6 í 2. hluta) með þeim fjölda eininga, sem myndast hafa og eru ekki niðurfelldar. Útkoman veardur námunduð með þremur aukastöfum.

13 VIÐBÆTUR OG FRÁDRÆTTIR

- 13.1** Ef einhver þeirra eigna, sem liggja að baki FPI sjóð mynda tekjur svo sem arð, vexti eða leigu, leggjast þær tekjur inn í sjóðinn og auka verðgildi hans.
- 13.2** Okkur er heimil úttekt úr sérhverjum FPI sjóði til að greiða ýmis útgjöld svo sem:
- 13.2.1** hverskyns þóknun eða gjöld, sem við eigum rétt á með hliðsjón af 1. hluta skirteinisskímálal þessara;
- 13.2.2** hverskyns kostnað, útgjöld og þóknun, sem við höfum þurft að greiða við að afla, stjórna, viðhalda, meta eða ráðstafa eignunum varðandi þann sjóð;
- 13.2.3** hverskyns útgöld, þóknun, skatt, álagningu eða gjöls, sem ekki er tekið tillit til annarstaðar og við teljum með sanngirni vera skuldbindingu tilheyrandi viðkomandi sjóði.
- 13.3** Sérhver skattskuldbinding verður reiknuð á hvern FPI sjóð sérstaklega innan sjóðaheildarinnar og í þeim útreikningum ekki tekið tillit til kostnaðar.
- 13.4** Í þeim tilvikum sem einum í einum FPI sjóði er haldið sem eignum varðandi annan FPI sjóð munum við beita öllum sanngjörnum og eðlilegum úrræðum til að tryggja að ekki komi til neinnar tvöfaldrar gjaldtöku.
- 13.5** Við getum lækkað boðsverðið í hvaða FPI sjóði sem er ef við teljum það nauðsynlegt til að vernda hagsmuni annarra skirteinishafa, sem eiga skirteini tengd þeim sjóðum.

3 HLUTI: SKILGREININGAR

Boðsverðgildi þýðir heildarverðgildi allra eininga í þeim sjóðinum, sem skirteini yðar heyrir til.

Viðskiptadagur þýðir dagurinn þegar við eigum viðskipti með einingar í FPI sjóði. Dagurinn kann að vera breytilegur frá einum FPI sjóði til annars.

Gildisdagur þýðir upphafsdagur skirteinisins eins og hann er tilgreindur í skirteininu.

FPI sjóður þýðir hinir ýmsu sjóðir, sem við viðhöldum í þeim tilgangi að ákvarða bæturnar sem við þurfum að greiða samkvæmt skirteinum sem við gefum út til skirteinishafa okkar.

Fjárfestingarhluti framlags þýðir fjár hæðin, sem notuð er til að kaupa einingar í FPI sjóðunum, sem þér veljið og tilgreindir eru í skirteininu.

Líftryggður þýðir aðilinn eða aðilarnir, tilgreindur/ir í skirteininu og dánarbætur verða greiddar vegna.

Gjalddagi þýðir sá gjalddagi, sem tilgreindur er í skirteininu. Gjalddaga, sem þér hafið valið og tilgreindur er í skirteininu, verður ekki breytt eftir gildisdag.

Lágmarksframlag þýðir GBP 35 á mánuði eða GBP 350 á ári.

Lágmarksaukning framlags þýðir GBP 25 á mánuði eða GBP 300 á ári.

Lágmarksverðgildi skirteinis þýðir GBP 500.

Greitt upp þýðir að engin frekari iðgjaldaframlög verða greidd og að þegar greidd iðgjaldaframlög, halda áfram að vera fjárfest í FPI sjóðunum, sem þér hafið valið.

Rétthafi merkir síðasti einstaklingur eða einstaklingar, ef einhverjir eru, sem líftryggingartaki hafið tilnefnt fyrir lát hins líftryggða, til að fá dánarbætur, eða í þeim tilvikum sem engin slík tilnefning hefur átt sér stað eða slík tilnefning hefur verið afturkölluð án annarrar tilnefningar líftryggingartaka, fyrir lát hins líftryggða, líftryggingartaki sjálfur. Ef tilgreint er að tilnefning rétthafa sé óafturkallanleg er ekki unnt að afturkalla eða breyta tilnefningunni án þess að hafa áður fengið til þess skriflegt samþykki rétthafa.

Viðtakandi greiðslu þýðir sá aðili eða þeir aðilar sem þér hafið síðast tilnefnt fyrir andlát hins líftryggða í samræmi við reglur þar að lútandi til að taka við dánarbótunum eða ef enginn slík tilnefning hefur farið fram eða einhver slík tilnefning hefur verið gerð eða einhver slík tilnefning hefur verið afturkölluð án þess að þér tilnefnið síðari rétthafa áður en líftryggður andast, þér sjálfir.

Skirteinisgjald þýðir GBP 3 þóknun á mánuði eða GBP 36 á uári.

Rof iðgjaldaframlags þýðir frestun greiðslu iðgjaldaframlaga, sem þér getið ákvarðað eftir að skirteinið hefur náð lágmarksverðgildi.

Reglulegt iðgjaldsframlag þýðir upphæðin, sem þér samþykkið að greiða inn á skirteini yðar mánaðarlega eða ársgrundvelli.

Afsalsverðgildi þýðir boðsverðgildi eininganna, sem úthlutað er skirteininu á næsta viðskiptadegi eftir að við höfum móttekið sönnun er um getur í kafla í 5.1 í 1. hluta og höfum lokið úrvinnslu kröfunnar.

Einingar þýðir einn hlutur af mörgum jafn stórum, sem FPI sjóður skiptist í.

Við og okkur þýðir Friends Provident International.

Þér þýðir aðilinn eða aðilarnir, sem eru eigendur skirteinisins.

Friends Provident International er viðskiptaheiti Friends Provident Life Assurance Limited í viðskiptum sem stjórnad er utan Stóra Bretlands.

Skráð aðsetur og aðalskrifstofa: Pixham End, Dorking, Surrey RH4 1QA England. Skrásett hlutafélag með takmarkaðri ábyrgð, skráð í Englandi númer 782698.

Starfar í Stóra Bretlandi skv. löggildingu og undir eftirliti Breska fjármálaeftirlitsins (Financial Services Authority).

Aðili að The Association of International Life Offices.

Salisbury skrifstofa: United Kingdom House, Castle Street, Salisbury, Wiltshire SP1 3SH Englandi.

Sími (0) 1722 311611 Fax (0) 1722 332005.

Netfang: fp.int@friendsprovident.co.uk Vefslóð: www.fpinternational.com



FRIENDS PROVIDENT
INTERNATIONAL